

## Stjórnarfundur 1. september 2010 kl. 19:30 Haldinn í K-húsinu

Mættir: Falur, Sigurbjörg, Hjördís, Júlíus, Friðrik Hrannar og Sigurbór.  
Guðmundur Jón Bjarnason fyrrverandi formaður SK mætti einnig á fundinn.

### 1. Farið yfir síðustu fundargerð og hún samþykkt án athugasemda.

### 2. Ýmis styrktarmál og hvar við getum leitað að styrkjum

Falur hefur rætt við Ragnar Örn vegna íssölu í Vatnaveröldinni og jafnvel að auka úrvalið. Þurfum að skoða hvað íssjálfsalinn hefur verið að gefa í tekjur. Hjördís kannar málið. Þegar tölurnar eru komnar þarf að ganga í málið að koma þessu í gagnið.

### 3. Sólarbekkirnir í Vatnaveröld

Höfum verið að fá greitt frá Reykjanesbæ vegna ljósabekkjanna. Samningar eru lausir í des/jan. Þurfum að huga að framtíðinni varðandi þetta mál.

### 4. Önnur mál.

a) Æfingargjöld samþykkt fyrir sunddeild SK

Hópur	Tímabil	Æfingagjöld			
		á mán. SSÍ gjald Félagsgjald			
Sæhestar	9	mánuðir	5300	1000	0
Síli	9	mánuðir	5300	1000	0
Selir	9	mánuðir	5800	1000	0
Höfrungar	9	mánuðir	6000	3500	1000
Hákarlar	10-11	mán*	7000	3500	1000
Framtíðarhópur	11	mánuðir	7600	7500	1000
Afrekshópur	11	mánuðir	8200	7500	1000

\* Þeir sundmenn sem ná inn á AMÍ og æfa í júní greiða 11 mánuði.

**SSÍ gjald.** Sundsamband Íslands innheimtir þjónustugjald af öllum sundfélögum á landinu. Þessi gjöld notar SSÍ til að þjónusta félögin og iðkendur. Rukkað er grunngjald fyrir alla iðkendur kr. 1000. Fyrir börn sem farin eru að keppa á löglegum mótum er rukkað kr. 2500 að auki. Þau sem farin eru að keppa á meistaramótum eins og AMÍ og ÍM greiða að auki kr. 4000 en ekki þarf að greiða sérstaklega fyrir skráningar á þessi mót. Gjaldið er rukkað á sérstökum greiðsluseðli í september.

**Stungugjöld.** Fyrir hvert sund sem sundmaður syndir á löglegum mótum þarf að greiða 3-600 kr. Sunddeild Keflavíkur kys að hafa stungugjöld innifalin í æfingagjöldum þannig að foreldrar þurfi ekki að bera auka kostnað af því að börnin fari á mót.

**Félagsgjald.** Allir þátttakendur 10 ára og eldri í Keflavík, Íþróttá- og ungmennafélagi þurfa að greiða félagsgjald sem er kr. 1000 á ári. Gjaldið er innheimt með æfingagjöldum í september.

**Fjölskylduafsláttur** af æfingagjöldum er 25% fyrir annað barn, 50% fyrir þriðja barn og fjórða barn æfir frítt.

Forráðamenn skuldbinda sig til að greiða æfingagjöld út desember 2010. Hafi skrifleg uppsögn ekki borist fyrir 20. des. 2010 á netfangið irb@visir.is er litið svo á að samningur framlengist út sundtímabilið.

b) Farið yfir samkomulag SK, SN og ÍRB.

c) Rætt um SSÍ- og félagsgjöld sundmanna sem eru að æfa erlendis. Tillaga stjórnar SK verður lögð fram á ÍRB fundi um að sundmenn SK og UFMN greiði félagsgjöld og SSÍ gjöld þannig að þeir séu gjaldgengir á SSÍ mótum.

d) Rætt um þjófnað í sundlauginni. Peningar hafa horfið úr klefunum þar sem sundmenn fá ekki skápa. Eddi hefur rætt við starfsfólkið og þetta þarf að laga.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Fundarritari: Sigurbjörg Róbertsdóttir